



# SKOTÍPRÓTTAÞING

## Þinggerð

12.maí 2001

Haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

**Skotþing Skotíþróttasambands Íslands** var haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal þann 12.maí 2001 og var það sett af Halldóri Axelssyni kl. 10:00

Hrafnkell Karlsson var kosinn þingforseti og Einar Páll Garðarsson var kjörinn þingritari.

Hrafnkell tók nú við fundarstjórn og gekk til dagskrár, þar sem fyrsta mál var kosning í nefndir þingsins. Eftirtaldir voru valdir til nefndarsetu:

**Kjörbréfanefnd:**

Steinar Einarsson  
Jóhannes Christensen

**Fjárhagsnefnd:**

Guðmundur Kr. Gíslason  
Einar Páll Garðarsson  
Hannes Haraldsson

**Laganefnd:**

Kjartan Friðriksson  
Steinar Einarsson  
Jón S. Ólason

**Allsherjarnefnd:**

Halldór Axelsson  
Jens Magnússon  
Páll Reynisson

**ÍBR:**

Guðmundur Kr. Gíslason  
Gunnar Sigurðsson  
Halldór Axelsson  
Hilmar Á. Ragnarsson  
Kjartan Friðriksson  
Karl Kristinsson  
Vignir J. Jónasson  
Einar Páll Garðarsson  
Carl J. Eiríksson  
Jón S.Ólason

**ÍBA:**

Laurent Somers  
Vilhjálmur Bergsson

**HSV:**

Kristján Örn Helgason  
Jens Magnússon

**UMSK:**

Steinar Einarsson  
Hannes Haraldsson  
Arnfinnur Jónsson

**HSK:**

Hrafnkell Karlsson  
Páll Reynisson

Samtals voru 19 þingfulltrúar mættir til þings.

Halldór Axelsson tók síðan til máls og flutti skýrslu stjórnar.

Því næst voru reikningar sambandsins lagðir fram ófullkláraðir en stjórn STÍ lofar að senda þá til aðildarfélaganna strax og þeir verða tilbúnir.

Steinar Einarsson leggur fram spurningu um það hver kostnaður sambandsins hafi orðið af þátttöku í Ólympíuleikum. Halldór Axelsson svarar því til að kostnaðinn við leikana hafi ÍSÍ að mestu greitt fyrir utan laun þjálfara. Einar Páll og Jón S. lögðu svipað til málanna en Arnfinnur Jónsson spurði hvort ekki hefði samt verið lagt í of mikinn kostnað. Einar Páll svarar að svo sé ekki. Halldór Axelsson tók nú til máls og segir hug sinn um þjálfun og hvað mætti betur gera.

Hrafnkell tekur nú til máls útaf næsta lið sem er um lagabreytingar og aðrar tillögur sem borist hafa þinginu. Hann segir það ekki ásættanleg vinnubrögð að leggja ekki fram tillögurnar með fundarboðinu.

Tekin er fyrir tillaga frá Jóni S. Ólasyni og Guðmundi Kr. Gíslasyni um bæta við fjórum mótum í Sportskammbyssu karal og kvenna. Tillagan er samþykkt með 17 atkvæðum gegn einu.

Lagabreytingar sem lúta að orðalagsbreytingum og því að taka út það sem tilheyrði Skotdómstólnum eru samþykktar samhljóða.

Tekin er fyrir tillaga merkt 1 til 5 frá Carli J. Eiríkssyni sem hann fer fram á við þingforseta að fá að lesa í heild sinni, en greinargerð Carls er í heild sinni 18 blaðsíður. Þingforseti metur það sem svo að tillögurnar þurfi að leasast upp og veitir Carli heimild til lestursins. Yfirgefa nú margir fundarmenn salinn og ganga ekki í hann fyrr en rúmlega 2 klst lestri Carls er lokið.

Samþykkt er samhljóða að vísa reikningum og fjárhagsáætlun til stjórnar.

Ályktun frá Skotþingi um aðstöðuleysi skotíþróttamanna á landinu er samþykkt samhljóða.

Teknar eru til atkvæðagreiðslu tillögur frá Carli J. Eiríkssyni merktar 1 til 5. Falla atkvæði þannig:

Tillaga nr. 1	1 samþykkur	16 á móti
Tillaga nr. 2	1 samþykkur	13 á móti
Tillaga nr. 3	1 samþykkur	8 á móti
Tillaga nr. 4	1 samþykkur	13 á móti
Tillaga nr. 5	1 samþykkur	16 á móti

Tillaga frá stjórn um kr. 600 í keppnisgjald STÍ er samþykkt.

Halldór Axelsson leggur til að STÍ skuli stefna að því að selja til skotfélaganna skífur sem merktar eru STÍ. Er þetta borið undir atkvæði og samþykkt með þorra atkvæða.

Er nú gengið til stjórnarkjörs. Til formanns er stungið uppá Halldóri Axelssyni og er hann réttkjörinn með dynjandi lófataki allra fundarmanna.

Síðan er kosið um 3 menn í stjórn og féllu atkvæði þannig:

Arnfinnur Jónsson	15 atkvæði
Eiríkur Ó. Jónsson	14 atkvæði
Jón S. Ólason	13 atkvæði
Carl J. Eiríksson	6 atkvæði

Næst er kosið um 2 varamenn í stjórn og er þar stungið uppá :

Karli Kristinssyni  
Jens Magnússyni  
Eru þeir einir til kjörs og því sjálfkjörnir.

Því næst er gengið til kosninga í nefndir STÍ og leggur stjórn STÍ til eftirfarandi tillögu sem samþykkt er með þorra atkvæða við handauppréttingu:

**Skoðunarmenn reikninga:**

Helgi Harryson  
Jónas Hafsteinsson

**Varamenn:**

Guðmundur Kr. Gíslason  
Hannes Haraldsson

**Mótanefnd:**

Guðmundur Kr. Gíslason  
Kári Grétarsson  
Páll Reynisson

**Varamenn:**

Ari Richardsson  
Gunnar Sigurðsson  
Hlynur Hendriksson

**Dómaranefnd:**

Halldór Axelsson  
Jóhannes Christensen  
Arnfinnur Jónsson

**Varamenn:**

Steinar Einarsson  
Gunnar Sigurðsson

**Aganefnd:**

Einar Páll Garðarsson  
Gunnar Sigurðsson  
Karl Kristinsson

**Varamenn:**

Stefán Geir Stefánsson  
Hrafnkell Karlsson  
Jens Magnússon

Ekki var kosið um fulltrúa á ÍSÍ þing.

Gunnar Sigurðsson tekur til máls og leggur til að STÍ og Carl J. Eiríksson leggi nú klæði á vopnin.

Steinar Einarsson lýsir vanþóknun á framkomu ÍSÍ með því að senda ekki fulltrúa á Skotþingið.

Laurent Somers leggur til að STÍ verði virkara í upplýsingaflæði, uppfæri reglulega heimasíðu sína og sendi frá sér betri upplýsingar.

Að svo loknu sleit Hrafnkell Karlsson þinginu.

Einar Páll Garðarsson, þingritari